

2020 - 2021

Starfsáætlun Heilsuleikskólans Suðurvalla



Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
HLUTVERK HEILSULEIKSKÓLANS SUÐURVALLA	4
STARFSMENN	5
NEMENDUR	6
STEFNUKORT	7
SKORKORT	8
MAT Á LEIKSKÓLASTARFI	11
MATSÁÆTLUN FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2020 - 2021	11
UMBÓTAÁÆTLUN 2020	13
ÞRÓUNAR- OG NÝBREYTNISTÖRF – ÁHERSLUR NÆSTA SKÓLAÁR.....	16
SÍMENNTUNARÁÆTLUN SUÐURVALLA	18
TENGL SKÓLASTIGA	19
RÝMINGARÁÆTLUN SUÐURVALLA	18
VIÐBRAGÐSÁÆTLUN EF SLYS BER AÐ HÖNDUM	19
SKÓLADAGATAL HEILSULEIKSKÓLANS SUÐURVALLA SKÓLAÁRIÐ 2020 - 2021.....	20

Inngangur

Starfsáætlun Heilsuleikskólans Suðurvalla inniheldur stefnukort leikskólans og megin áherslur næsta skólaár. Starfsáætlunin er byggð á innra mati skólans, ytra mati og því þróunar- og nýbreytnistarfi sem framundan er.

Auk stefnukortsins inniheldur starfsáætlunin tölulegar upplýsingar um starfsmannamál og barnahópin, mat á leikskólastarfi, umbótaáætlun, símenntunaráætlun og áætlun um samstarf leikskólans og Stóru-Vogaskóla. Að lokum má sjá í skóladagatali leikskólans helstu viðburði skólaársins og skipulagsdaga. Að síðust er að finna rýmingaráætlun og viðbragðsáætlun ef slys verða á börnum.

Í leikskólanum starfar fjölbreyttur starfsmannahópur með ólíka reynslu og margvíslega styrkleika. Starfsáætlunin er leiðarvísir í umbótum skólastarfsins sem starfsmannahópurinn hefur tekið þátt í að móta og útfæra.

Það er von okkar að starfsáætlunin varpi ljósi á áherslur í starfi leikskólans næsta skólaár, styðji við faglegt starf og veiti þær upplýsingar sem henni er ætlað.



Hlutverk Heilsuleikskólans Suðurvalla

Hlutverk Heilsuleikskólans Suðurvalla er að veita börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt uppeldisumhverfi og þroskandi leikskilyrði sem stuðla að öryggi þeirra og vellíðan. Leikskólinn leggur áherslu á að efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra.

Við lítum á börn sem skapandi, hæfileikaríka og sterka einstaklinga sem eru fullgildir þátttakendur í samfélagi leikskólans. Börnum er sýnd virðing og umhyggja og hlutverk starfsfólks er að veita börnum hvatningu, stuðning og viðfangsefni við hæfi.

Suðurvellir er heilsuleikskóli sem vinnur eftir viðmiðum Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur. Meginmarkmið Heilsustefnunnar er að venja börn strax í barnæsku við heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífsstíl þeirra til framtíðar.

Einkunnarorð Suðurvalla eru „Heilbrigð sál í hraustum líkama“

Gildi leikskólans eru: Virðing, umhyggja, samvinna og gleði



Starfsmenn

Stöðugildi við Heilsuleikskólann Suðurvelli haustið 2020 eru alls 19,95, þar af eru stöðugildi vegna ræstinga og eldhúss 2,57. Stöðugildi við stjórnun og kennslu eru 17,38 og skiptast þannig:

Leikskólakennarar í 5,75 stöðugildum

Háslólamenntaður með B.ed. próf í leikskólakennararæðum 1 stöðugildi


Aðrir starfsmenn í 10,63 stöðugildum

Nafn	Starfsheiti	Starfs- hlutfall	Menntun
María Hermannsdóttir	Leikskólastjóri	100	Dipl.Ed í stjórnun menntastofnana
Ragnhildur Hanna Finnbogad.	Aðst.leikskólastj. sérkennslustj.	100	Leikskólakennari
Helga Ragnarsdóttir	Deildarstjóri	100	Grunnskólakennari
Sigrún Ólafsdóttir	Deildarstjóri	100	B.Ed í leikskólafræðum
Helga Rut Guðnadóttir	Deildarstjóri	81	Félagsliði
Jelena Ragnarsson	Leikskólakennari	100	Leikskólakennari
Ragnheiður Elísabet Jónsdóttir	Leikskólakennari - sérkennari	75	Leikskólakennari
Baldvin Júlíus Baldvinsson	Fagstjóri	100	Íþróttfræðingur
Berglind Petra Gunnarsdóttir	Leiðbeinandi	100	Grunnskólapróf
Eva María Lúðvíksdóttir	Leiðbeinandi	100	Grunnskólapróf
Fanney Lind Einarsdóttir	Leiðbeinandi	100	Grunnskólapróf
Guðrú Bóel Jónsdóttir	Leiðbeinandi	100	Grunnskólapróf
Hulda Sigurpórsdóttir	Leiðbeinandi	100	Grunnskólapróf
Karolina Malgorzata Jaskowska	Leiðbeinandi	100	
Marín Ásta Hjartardóttir	Leiðbeinandi	100	Grunnskólapróf
Kristín H. Sigurðardóttir	Leiðbeinandi - sérkennsla	100	Grunnskólapróf
Pálína Hjaltadóttir	Afleysing	78	Húsmæðraskólapróf
Anna Karen Gísladóttir	Afleysing	100	Grunnskólapróf
Ása Jóna Helgadóttir	Matráður	100	Grunnskólapróf
Hera Ágúst Bergsdóttir	Aðstoðarmatráður, leiðbeinandi	75 (0,5)	Sjúkraliði
Ása Jóna Helgadóttir	Ræsting	41	Grunnskólapróf
Óskar Ingvarsson	Ræsting	41	Grunnskólapróf

Nemendur

Haustið 2020 eru 58 nemendur í leikskólanum í byrjun skólaárs.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda nemenda í árgöngum og kynjahlutfall. Stúlkur í námi eru 24 og drengir 34.



Fjöldi barna á deildum er eftirfarandi: Á Háabjalla eru 25 börn, Lyngbjalla 20 og Lágabjalla 13.

Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku er 15 og fjöldi tungumála 6, það er: Pólska, lettneska, norska, enska, portugalska og spænska. Hlutfall tvítyngdra barna í leikskólanum er 26%.

Stefnukort

Stefnukort sýnir á myndrænan hátt lykiláherslur í stefnu leikskólans. Áherslupáttum er skipt niður í fjóra þætti, þeir eru, skólasamfélagið, fjármál, starfshættir og mannauður. Megin áherslur fyrir hvern þátt eru útskýrðar nánar í skorkorti.

Skólasamfélagið

Menntun við hæfi
Heilsuefling
Ánægðir foreldrar og nemendur

Fjármál

Raunhæf fjárhagsáætlun
Ábyrg nýting
Reglulegt kostnaðareftirlit

Starfshættir

Innra mat
Virk starfsáætlun
Virkt upplýsingastreymi
Samstarf og samábyrgð

Mannauður

Styðjandi starfsumhverfi
Virk símenntun og starfsþróun
Ánægðir starfsmenn

Skorkort

Skorkort er nánari útfærsla á undirþáttum í stefnukorti. Hér er stefnan mörkuð með skilgreindum markmiðum. Skorkort er hluti af innra mati leikskólans.

Skólasamfélagið	Hvernig við sköpum gæða skólastarf
Menntun við hæfi	✓ Skólanámskrá er lifandi vinnuplagg sem er í sífelldri þróun ✓ Virðing er borin fyrir einstaklingnum, öllum börnum er boðið upp á nám við hæfi ✓ Vel er haldið utanum sérkennslu og einstaklingsnámskrár ✓ Við bjóðum upp á fjölbreyttan efnivið ✓ Með skráningu í Heilsubók barnsins höfum við yfirsýn yfir þroskaferil hvers barns
Heilsuefling	✓ Í Heilsuleikskólanum Suðurvöllum er heilsuefling höfð að leiðarljósi í einu og öllu ✓ Áhersla er lögð á holla næringu, markvissa hreyfingu og listsköpun í leik og starfi
Ánægðir foreldrar og nemendur	✓ Við leggjum áherslu á viðurkennandi samskipti, virðing, umhyggja, samvinna og gleði eru leiðandi hugtök í leikskólanum ✓ Við tökum vel á móti börnunum þegar þau koma í leikskólann og þau eru kvödd með nafni í lok dags ✓ Við erum sveigjanleg í samskiptum og komum til móts við óskir foreldra eins og kostur er

Fjármál	Hvernig við tryggjum góða nýtingu fjármagns
Raunhæf fjárhagsáætlun	✓ Fjármálaleg markmið leikskólans felast fyrst og fremst í því að byggð er upp raunhæf fjárhagsáætlun
Ábyrg nýting	✓ Við förum vel með eigur leikskólans og nýtum vel það sem til er ✓ Við leitum ávallt hagstæðustu leiða í innkaupum
Reglulegt kostnaðareftirlit	✓ Við fylgjumst reglulega með útgjöldum leikskólans með það að markmiði að halda rekstri innan fjárheimilda

Starfshættir	Hvernig við náum árangri
Innra mat	✓ Á Suðurvöllum er unnið innra mat og stuðst er við niðurstöður til að þróa og bæta starfið
Virk starfsáætlun	✓ Starfsáætlunin byggir á innra mati skólans. ✓ Starfsmenn, foreldrar og börn koma að gerð starfsáætlunar ✓ Áætlunin er lifandi vinnuþagg sem er í stöðugri þróun. Á meðan starfinu vindur fram er stuðst við leiðsagnarmat svo unnt sé að glöggva sig á hvernig miðar og það haft til hliðsjónar við næstu skref
Virkt upplýsingastreymi	✓ Skólanámskrá er öllum aðgengileg á heimasíðu leikskólans ✓ Starfsmannahandbók er í sífelldri þróun, starfsmenn koma allir að gerð hennar og nýta sér handbókina ✓ Á Suðurvöllum eru upplýsingar aðgengilegar öllum í skólasamfélaginu. Heimasíða skólans er uppfærð a.m.k. einu sinni í viku, með því gerum við starfið sýnilegra í formi mynda og fréttar af starfinu ✓ Foreldrar eru upplýstir í daglegum samskiptum, samtölum og með tölvupósti ✓ Upplýsingatöflur í fataherbergjum eru nýttar til upplýsingamiðlunar ✓ Vikulega kemur út Starfsmannapóstur með helstu upplýsingum um það sem framundan er ✓ Í dagbókum deilda nálgast starfsfólk allar nauðsynlegar upplýsingar
Samstarf og samábyrgð	✓ Virkt samstarf er milli alls starfsfólks á Suðurvöllum ✓ Áhersla á samábyrgð allra starfsmanna á barnahópi leikskólans ✓ Rík áhersla á samvinnu og liðsheild, við vinnum saman sem ein heild og stefnum öll að sama marki ✓ Samræmi milli kennara og samhæfing í störfum án þess að það skerði sjálfstæði þeirra ✓ Jafnréttis er gætt í leik og starfi

Mannauður	Hvernig við vinnum saman
Styðjandi starfsumhverfi	✓ Starfsfólk fær hvatningu og stuðning í starfi ✓ Á Suðurvöllum er lögð áhersla á að nýta mannauðinn, hæfni hvers og eins fær að njóta sín með verkefnum við hæfi
Virk símenntun og starfsþróun	✓ Virk símenntun sem allir starfsmenn njóta ✓ Símenntun tekur mið af þörfum leikskólans og áhuga starfsfólks
Ánægðir starfsmenn	✓ Menning skólans einkennist af samvinnu og uppbyggilegum samskiptum þar sem jákvæðni og gleði ríkir ✓ Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári og oftár ef þörf er á ✓ Á Suðurvöllum hlustum við hvort á annað og framlag allra er metið ✓ Starfsfólk á hlutdeild í umbótum og árangri




Mat á leikskólastarfi

Leikskólinn metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á.

Matsáætlun fyrir skólaárið 2020 - 2021

	Matsþáttur	Matstæki
Stjórnun	- Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi - Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur - Faglegt samstarf - Leikskólaþróun og símenntun - Skólanámskrá, starfsáætlun. Áætlanir og verklagsreglur	Skólapúlsinn - starfsmannakönnun Skólapúlsinn - starfsmannakönnun Viðmið og vísbendingar Skólapúlsinn - starfsmannakönnun Starfsmannasamtöl Viðmið og vísbendingar
Uppeldis- og menntastarf	- Skipulag náms og námsaðstæður - Uppeldi, menntun og starfshættir - Leikur og nám – lýðræði, jafnétti og þátttaka barna - Námsvið leikskólans - Leikskóli án aðgreiningar - Mat á námi og velferð barna	Viðmið og vísbendingar Viðmið og vísbendingar Viðmið og vísbendingar Viðmið og vísbendingar Heilsubók barnsins Hljóm-2 EFI-2 -TRAS Foreldrasamtöl
Mannauður	Starfsánægja	Starfsmannasamtöl Skólapúlsinn - starfsmannakönnun
Leikskólabragur	Velferð og líðan barna	Könnun – foreldrar Foreldrasamtöl



Umbótaáætlun 2020

Í ljósi niðurstaðna innra og ytra mats s.l. skólaár vann starfsmannahópurinn eftirfarandi áætlun um umbætur og skilgreindar leiðir að þeim.

Umbótaþættir - Matstæki	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgð	Endurmat	Viðmið um árangur
Næring - Gátlisti heilsu stefnunnar	Matseðill er yfirfarinn af næringarfæðingi	Taka upp matseðla og næringarstefnu samtaka heilsuleikskóla	Ágúst 2020	Matsteymi	Mars 2021	Gátlisti heilsustefnunnar
Sjálfshjálp - Gátlisti heilsu stefnunnar	Í leikskólanum fá börn 2 ára og eldri hníf og gaffal	Starfsmenn Lágabjalla sækja hnífa fyrir 2 ára börnin	Ágúst 2020	Matsteymi	Mars 2021	Gátlisti heilsustefnunnar
Sköpun - Gátlisti heilsu stefnunnar	Að efniviður til að þjálfa fínhyfingar sé til staðar og aðgengilegur fyrir börnin	Umræður - Fínhyfingar eflast hjá yngstu börnunum með ýmsum hætti s.s. í könnunarleik. Ekki er nauðsynlegt að hafa skæri og liti í aðgengi á deild yngstu barna, en boðið er upp á slíkan efnivið á skipulegan hátt	Ágúst 2020	Matsteymi	Mars 2021	Gátlisti heilsustefnunnar: Viðmið – alltaf og oft er merki um gott verklag, en stundum eða aldrei fer í umbótaáætlun

Umbótaþættir - Matstæki	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgð	Endurmat	Viðmið um árangur
Samstarf - Starfsmanna samtöl	Að farvegur fyrir samstarfs barna og starfsfólks milli deilda sé til staðar	Auka samstarf deildarstjóra með fundi einu sinni á önn. Hvetja starfsfólk til að vinna saman að verkefnum með börnunum milli deilda	Skólaárið 2020-2021	Matsteymi	Mars 2021	Starfsmannakönnun: Viðmið – 85% nefna mjög ánægð eða frekar ánægð
Símenntun - Starfsmanna samtöl	Að starfsfólk sækir símenntun	Fara yfir símenntunaráætlun leikskólans á skipulagsdegi að hausti	Ágúst 2020	Matsteymi	Mars 2021	Starfsmannakönnun: Viðmið – 85% nefna mjög ánægð eða frekar ánægð
Leikskólinn og umhverfi hans - Ytra mat	Bæta aðbúnað í fataherbergjum	Leitað verður leiða til að bæta aðbúnað í fataherbergjum	Haust 2020	Starfsfólk deilda	Apríl 2021	Foreldrakönnun: Viðmið – 85% nefna mjög ánægð eða frekar ánægð
Uppeldis- og menntastarf - Yta mat	Auka lýðræðislega þátttöku barna í ákvörðunum sem varða skipulag og viðfangsefni	Fram fer ígrundun og fræðsla um hvernig efla má enn frekar lýðræðislega þátttöku barna í ákvörðunum sem varða skipulag og viðfangsefni	Haust 2020	Leikskólastjóri, aðstoðarleik skólastjóri.	Maí 2021	Viðmið og vísbendingar: Kvarði, A og B er merki um gott verklag, C eða D fer í umbótaáætlun

Umbótaþættir Matstæki	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgð	Endurmat	Viðmið um árangur
Uppeldis- og menntastarf - Ytra mat	Að endurskoða og skrá gildandi reglur í leikskólanum með aðkomu barnanna	Deildir vinna myndrænar reglur með börnunum og hafa þær sýnilegar og í hæð barnanna	Ágúst 2020	Deildarstjórar	Janúar 2021	Febrúar 2021. Metið lokið/ólokið.
Uppeldis- og menntastarf - Ytra mat	Efla vísindastarf með börnum	Fræðsla og umræða um vísindastarf í leikskóla Hgmyndabanki unnin í kjölfarið og metið hvort/hvaða búnað og tæki vantar til vísindastarfa. Búnaður og tæki aukin eftir þörfum	September 2020	Skóla stjórnendur	Maí 2021	Viðmið og vísbendingar: Kvarði, A og B er merki um gott verklag, C eða D fer í umbótaáætlun
Foreldrasamvinna og ytri tengsl - Ytra mat	Bæta upplýsingastreymi til foreldra og hafa það markvissara	Senda tölvupóst mánaðarlega til foreldra með áhersluþáttum næsta mánaðar	Skólaárið 2020-2021	Deildarstjórar	Apríl 2021	Foreldrakönnun: Viðmið – 85% nefna mjög ánægð eða frekar ánægð
Innra mat - Ytra mat	Þróa mat leikskólakennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum	Matsteymi vinnur áætlun um mat stafsmanna á eign starfsháttum í samráði við starfsmenn	Skólaárið 2020-2021	Matsteymi	Júní 2021	Útgefin áætlun

Þróunar- og nýbreytnistörf - áherslur næsta skólaár

Helsta verkefni síðasta skólaárs var að innleiða nýtt dagskipulag. Þar var horft til þess að hafa meiri samfelldan tíma að morgni fyrir skipulagt starf og var kaffitímum starfsfólks breytt þannig að þeir eru nú eftir hádegi á útivistartíma í stað þess að klippa sundur morguninn. Þetta hefur gengið mjög vel og starfsfólk verið lausnamiðað er upp hafa komið agnúar sem sníða hefur þurft af.

Útinám var áherslupáttur Leikur að læra þennan vetur og fór starfsfólk á ráðstefnu í haust þar sem voru smiðjur með góðum hugmyndum að kennsluháttum í útinámi. Þar fékk leikskólinn einnig útnefningu sem Leikur að læra leikskóli.

Næringarteymi hefur nýtt veturinn vel til að skoða nýja matseðla og verður farið af stað með þá í haust. Læsteymi hefur unnið áætlanir í málörvun en rafræn Heilsubók, áætlanir í listsköpun og að efla mat barna verða áfram áherslupættir á næsta skólaári.

Á komandi skólaári munum við efla það góða starf sem fram fer í leikskólanum og bæta það sem styrkja þarf samkvæmt niðurstöðum úr innra og ytra mati. Í umbótaáætlun hér á undan er gerð grein fyrir umbótaþáttum.

Helstu verkefni í þróunarstarfi skólaárið 2020 2021 eru eftirfarandi:

Verkefni	Markmið	Ábyrgð
Lýðræðisleg þátttaka barna í ákvarðanatöku	Að börnin hafi áhrif á ákvarðanatöku og starfið í leikskólanum	Deildarstjórar
Málörvunarverkefni	Efla orðaforða, hljóðkerfisvitund, mál og tal allra barna í leikskólanum	Tengiliður verkefnisins
Leikur að læra	Halda áfram að efla og innleiða kennsluaðferðir Leikur að læra	Stjórnendur
Mat barna á leikskólastarfi	Efla mat barna á skólastarfinu	Matsteymi
Rafræn heilsubók	Innleiða rafræna heilsubók	Stjórnendur
Matseðlar	Taka upp matseðla frá Samtökum Heilsuleikskóla	Næringateymi
Skapandi starf	Yfirfara áætlun í listsköpun og efla þekkingu starfsmanna á skapandi leikskólastarfi	Sköpunarteymi

Mat á eigin starfsháttum	Að starfsmenn meti eigin starfhætti	Matsteymi
Undirbúningstími kennara	Til að færa starfumhverfi leikskóla nær grunnskóla taka kennarar undirbúningstíma í lok vinnudags	Stjórnendur
Skipulag hópstarfs	Allir starfsmenn deilda koma að hópstarfi allra hópa á deildinni en fallið frá hópstjórum	Stjórnendur



Símenntunaráætlun Suðurvalla

Helstu áherslur símenntunar eru að efla starfsfólk í starfsaðferðum leikskólans, með það að markmiði að auka þekkingu og hæfni starfsfólks sem skilar sér í faglegu starfi og aukinni starfsánægju.

Auk þess er tilgangur hennar að veita fræðslu út frá umbótaáætlun, starfsþróunarsamtölum og styðja við þróunar- og nýbreytnistörf.

Símenntun	Tilgangur	Tímabil	Hverjir	Ábyrgð/umsjón
Svefn	Bæta þekkingu starfsfólks á mikilvægi svefns	September 2020	Allir	Fyrirlesari
Leikur að læra	Hvatning í byrjun skólaárs og kynning á áherslum skólaárið 2020-2021.	September 2020	Allir	Kristín/LAL
Leikur að læra	Nýliðþjálfun	Ágúst - sept 2020	Nýir starfsmenn	Kristín/LAL
TRAS	Efla þekkingu starfsmanns	Haustönn	Eftir þörfum	Endurmenntun
Málörvun	Kynning á þróunarverkefni	Ágúst 2020	Allir	Bryndís og Hjördís talmeinafræðingar
Málörvun	Efla þekkingu starfsmanna	Október	Allir	Bryndís og Hjördís tmeinafræðingar
Skipulögð kennsla	Efla og bæta við þekkingu kennara	Haust 2020	Sérkennari	GRR
Rýmingaræfing	Að æfa rýmingaráætlun leikskólans	Skólaárið	Allir	Brunavarnir Suðurnesja
Sameiginlegur skipulagsdagur	Fyrirlestur (óákveðið hvað verður)	Janúar 2021	Allir	

Tengsl skólastiga

Markmið með samstarfi Heilsuleikskólans Suðurvalla og Stóru-Vogaskóla er:

- Að skapa samfellu í námi barna milli skólastiga
- Að kennarar beggja skólastiga öðlist skilning á starfi hvers annars
- Að stuðla að vellíðan barna við flutning milli skólastiga

Mánuður	Verkefni
September	• Kennarar beggja skólastiga funda, leggja drög að starfinu framundan • Elstu börn leikskólans sækja íþróttir í íþróttahúsinu einu sinni í viku út skólaárið
Nóvember	• Elstu börn leikskólans skoða bókasafnið í grunnskólanum og fá kynningu á safninu og hvatningu til lesturs
Desember	• Fyrsti bekkur heimsækir leikskólann hálfan dag
Janúar	• Elstu börn leikskólans skoða lóð grunnskólans og fræðast um það sem fram fer í frímínútum •
Febrúar	• Skólastjóri Stóru-Vogaskóla tekur á móti elstu börnum leikskólans og kynnir skólann • Skólaheimsóknir – hvert barn fer í litlum hóp ásamt leikskólakennara í heimsókn í grunnskólann einn dag • Kynningarfundur fyrir foreldra í samstarfi við grunnskólann. Haldinn í grunnskólanum
Mars	• Skólaheimsóknir – hvert barn fer í litlum hóp ásamt leikskólakennara í heimsókn í grunnskólann einn dag
Maí	• Fyrsti bekkur heimsækir leikskólann hálfan dag • Einnig eru yfir árið ýmsir sameiginlegir viðburðir

Rýmingaráætlun Suðurvalla

Brunaboði fer í gang, fyrstu viðbrögð við bruna

Starfsmaður frá hverri deild
kannar aðstæður, kemur í dyragætt

Leikskólastjóri /staðgengill
athugar brunaboða og kemur
skilaboðum til deilda

Er reykur eða eldur laus ?

Nei

Hætt við rýmingu

Já

Leikskólastjóri/staðgengill
hringi í - 1 1 2

Rýma húsið

Muna eftir að taka kladdann með

Lágibjalli

Dótabjalla

Háibjalli

Rólusvæði

Lyngbjalli

Grasflöt


Miðhús

Rólusvæði

Nafnakall, hver deild athugar hvort börn og starfsmenn hafi skilað sér á sitt útisvæði

Álfagerði

Viðbragðsáætlun ef slys ber að höndum



Skóladagatal Heilsuleikskólans Suðurvalla skólaárið 2020 - 2021

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ Vetrarstarfhefst	1 F Skráning í Heilsubók barnsins	1 S	1 Þ Fullveldisdagurinn	1 F Nýársdagur	1 M Skráning í Heilsubók barnsins	1 M	1 F Skírdagur	1 L Verkalýðsdagurinn	1 Þ Umhverfisvika	1 F
2 S	2 M	2 F Skipulagsdagur	2 M Foreldrasamtöl	2 M Fyrsti bekkur í heimsókn	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F Föstudagurinn langi	2 S	2 M Garðvínna	2 F
3 M	3 F	3 L	3 Þ Foreldrasamtöl	3 F Foreldra morgunverður	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M Sumarstarfhefst 1. bekkur í heimsókn	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M Foreldrasamtöl	4 F Kórinn á ferðinn	4 M	4 F	4 F	4 S Páskadagur	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F Foreldrasamtöl	5 L	5 Þ	5 F Dagur stærðfræðinnar	5 F	5 M Annar í páskum	5 M	5 L	5 M Sumarlokun
6 F	6 S	6 Þ	6 F Foreldrasamtöl	6 S	6 M Þrettándinn	6 L Dagur leikskólans	6 L	6 Þ	6 F	6 S Sjómannadagurinn	6 Þ
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M Þjálfingardagur gegn einhelti	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L	8 Þ Dagur læsis	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ Þröttadagur	8 F
9 S	9 M	9 F Afmæli leikskólans	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M Skipulagsdagur	10 F	10 L	10 Þ	10 F Sívertsenhús	10 S	10 M Foreldrafundur - elstu börnin	10 M	10 L	10 M	10 F	10 L
11 Þ Aðlögun	11 F	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M Aðlögun	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F Aðlögun	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F Uppstigningardagur	13 S	13 Þ
14 F Aðlögun	14 M	14 M Deildarheimsóknir	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F Skipulagsdagur	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ Leiksföringur	15 F Skipulagsdagur Sameiginlegur	15 M Bolludagur	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M Dagur íslenskrar náttúru	16 F	16 M Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 L	16 Þ Sprengidagur	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F
17 M Aðlögun	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M Öskudagur Mómmu og ömmudagur	17 M	17 L	17 M Þemavika umferðin	17 F Lýðveldisdagurinn	17 L
18 Þ Aðlögun	18 F	18 S	18 M	18 F Litlu jólin	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ Lúlli Löggubangsi	18 F	18 S
19 M Aðlögun	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ Þabba og aðrir dagar	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F Aðlögun	20 S	20 Þ	20 F Dagur mannréttinda barna	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F Hjóladagur	20 S	20 Þ
21 F Aðlögun	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S Konudagur	21 S	21 M Kórinn á ferðinni	21 F Umferðaskóli	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F Bóndadagur	22 M	22 M	22 F Sumardagurinn fyrsti	22 L	22 Þ	22 F
23 S	23 M Foreldrafundur	23 F	23 M	23 M Þorláksmessa	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F	23 S Hvítasunnudagur	23 M Sumarhátíð	23 F
24 M Aðlögun	24 F	24 L Fyrsti vetrardagur	24 Þ	24 F Aðfangadagur jóla	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M Annar í Hvítasunnu	24 F	24 L
25 Þ Aðlögun	25 F	25 S	25 M Skipulagsdagur	25 F Jóladafur	25 M	25 F	25 F Skipulagsdagur	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M Aðlögun	26 L Ewopski tungumáladagurinn	26 M	26 F	26 L Annar í jólum	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M Útskriftarferð	26 L	26 M
27 F Aðlögun	27 S	27 Þ Bangsdagur	27 F	27 S	27 M Þorlákstíð	27 L	27 L	27 Þ	27 F Útskrift	27 S	27 Þ
28 F Þröttadagur	28 M	28 M	28 L	28 M Jólalokun	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ Jólalokun	29 F		29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 Þ
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M Jólalokun	30 L		30 Þ	30 F	30 S	30 M Kynningarfundur	30 M
31 M Aðlögun		31 L		31 F Gamlársdagur	31 S		31 M		31 M		